

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 313/2022**2023/EES/48/24****frá 9. desember 2022****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/94 frá 24. janúar 2022 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu fosmeti, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/708 frá 5. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, aklónífen, álammoníumsúlfat, álfosíð, álsílikat, beflúbútamið, benþiavalíkarb, boskalið, kalsíumkarbíð, kaptan, sýmoxaní, dímetómorf, dódemorf, etefön, etýlen, útdrátt úr tevið, leifar af eimaðri fitu, fitusýrur C7 til C20, flúoxastróbín, flúrklórídón, fólpet, formetanat, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járn-súlfat, magnesíumfosfíð, metam, metamítrón, metasaklór, metribúsín, milbemektín, fenmedífam, pírimífosmetýl, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól, pýretrín, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, S-metólaklór, ógreinótt fiðrildaferómón, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32022 R 0094:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/94 frá 24. janúar 2022 (Stjtið. ESB L 16, 25.1. 2022, bls. 33),

– **32022 R 0708:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/708 frá 5. maí 2022 (Stjtið. ESB L 133, 10.5. 2022, bls. 1).“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/159):

„13zzzzzzzzzzzzm. **32022 R 0094:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/94 frá 24. janúar 2022 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu fosmeti, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 16, 25.1.2022, bls. 33).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 16, 25.1.2022, bls. 33.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 1.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/94 og (ESB) 2022/708, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.